



24. fundur stjórnar LH 2022-2024
16. maí 2024 kl. 21:00
í Harðarbolli

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Gróa Björg Baldvinsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fjarverandi: Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Birna Tryggvadóttir, Valdimar Magnús Ólafsson.

Forföll boðuðu: Hákon Hákonarson, Randi Holaker.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Tölvunefnd – Enn er verið að forrita í Sportfeng vegna reglna sem breyttust á FEIF þingi (jafnir inn í úrslit), mikil pressa sett á RML að klára það sem fyrst þar sem mótahaldið er komið á fullt.

Útbreiðslunefnd – Hádegisfyrirlestrar komnir í gang, fyrsti fyrirlesturinn var um kappreiðar fyrr og nú og næsti fyrirlestur er um hestaljósmyndun.

3. Ársreikningur LH 2023

Gjaldkeri fór yfir drög að ársreikningi 2023.

4. Starfsreglur landsliðsnefndar

Landsliðsnefnd hefur samþykkt drög að nýjum starfsreglum nefndarinnar, reglurnar skerpa verulega á hlutverki valdsviði stjórnar, nefndar, starfsmanna og knapa.

Afgreiðsla: Samþykkt með athugasemdum um að tíðkast hefur að fulltrúi Félags hrossabænda eigi sæti í nefndinni.

5. Landsmótsstaðall

LM ehf. er með í undirbúningi að ganga frá samningum við mótshaldara Landsmóts 2028 og 2030. Í landsmótsstaðli eru útlistaðar þær kröfur sem gerðar eru til mótssvæðis svo hægt sé að halda Landsmót á svæðinu. Staðalinn verður fylgiskjal með samningnum við mótshaldara.

Landsmótsstaðall er hugsaður sem viðmunarrámi fyrir aðbúnað á Landsmóti.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Boðsgestir á Landsmóti

Í samningi við mótshaldara er kveðið á um að LM ehf. fái 40 boðsmiða. Forseti og ráðherrar frá boðsbréf á Landsmót, í samningum við sumar styrktaraðila er kveðið á um ákveðinn fjölda miða og einnig hefur tíðkast hefur að stjórn LH fái boðsmiða á Landsmót.



Afgreiðsla: Samþykkt að stjórn hljóti boðsmiða enda verði stjórnarmenn sýnilegir á Landsmóti og taki þátt í móttöku ráðamanna og tilfallandi verkefnum.

7. Hestamannafélagið Brimfaxi í Grindavík – samþykkt milli funda

Stjórn Brimfaxes óskar eftir að félagið verði undanþegið árgjalds til LH á þessu ári í ljósi aðstæðna félagsins í kjölfar rýmingar á félagssvæðinu vegna jarðhræringa.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Önnur mál

a. *Bréf frá stjórn Spretts*

Stjórn þakkar fyrir bréfið og ábendingarnar og í framhaldinu verða vinnubrögð bætt þar sem við á.

b. *Dómara vikið tímabundið frá störfum vegna ítrekað óviðeigandi ummæla um keppendur.*

Samþykkt að senda bréf til dómars þar sem honum er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, en hann verði ekki ráðinn til dómstarfa á meðan mál hans er til umfjöllunar.

Umræða varð um möguleika á að hafa myndbandsupptöku á dómurum og riturum við dómstörf.

c. *Fundarferð stjórnar, haldnir voru fundir á Hellu og Blönduósi.*

d. *Samstarfssamningur Líflands og landsliðs- og afreksnefndar var í vikunni endurnýjaður til tveggja ára.*

e. *Bréf frá Jóni Þorberg.*

Framkvæmdastjóra falið að senda Jóni svar.

Fundi slitið kl. 22:30